


Hnit fyrir lóðarmörk:		Hnit fyrir kvöð:			
Nr.	X	Y			
1.	441875.5742	579922.3365	16.	441416.0192	580580.0142
2.	442151.3587	580198.1249	17.	441362.6354	580630.9889
3.	441592.7440	580756.7392	18.	441358.9869	580627.5594
4.	441316.9727	580480.9676	19.	441412.4827	580576.4778
5.	441491.7703	580306.1700			
6.	441534.0967	580348.4963			
7.	441684.4259	580198.1672			
8.	441642.0995	580155.8408			

Hnit fyrir byggingarreiti:		
Nr.	X	Y
9.	441445.8600	580507.9300
10.	441486.9200	580548.9900
11.	441435.9575	580599.9525
12.	441394.8975	580558.8925
13.	441949.3851	579996.1513
14.	441840.6228	580104.9136
15.	441766.8248	580031.1155



GREINARGERÐ

Almennt

Deiliskipulagssvæðið er um 30 ha að stærð, þ.e. heildarurðunarsvæðið 5-15 ha og er gert ráð fyrir allt að 21.000 tonnum árlega til urðunar. Urðunarstaðurinn verður að öllu leyti í landi Sölvabakka á Refasveit, Blönduósþæ. Svæðið er um 500 m beint norður af Sölvabakka þar sem styst er og 1.200 m þar sem lengst er. Stysta fjarlægð frá sjó er um 60 m.

Forsendur

Landið er að mestu nokkuð sléttur melur sem hallar lítilega í átt til sjávar en neðst á svæðinu eru brattar malar- og leirbrekkur sem ná niður í fjöru. Í fjörunni, við sjávarmál, sést í basalt berggrunn á nokkrum stöðum. Í melnum innan framkvæmdarsvæðisins eru teir skorningar í landinu þar sem rof eftir vorleysingarfæki, en þar er ekki rennandi vatn að ráði á öðrum árstímum. Ekkert vatn er sýnilegt innan svæðisins í þurrviðri enda er melurinn gljúpur og þurr og þegar rignir hrípar rigningavatn jafnóðum niður í jörðina. Í dag er eina nýting svæðisins takmörkuð beit, en nokkur vinna hefur verið lögð í uppgræðslu þess á undanföllum árum. Á svæðinu sjást ýmsar fuglategundir, en ekki er talið að sjaldgæfir fuglar haldi þar til. Svæðið er gróið að hluta og finnst þar einungis algengar plöntategundir. Tveir bæir eru innan við 2 km sjónlínu frá svæðinu og 8 íbúar. 5 bæir eru innan við 3 km sjónlínu frá svæðinu og um 16 íbúar. Rúmlega 600 m sjónlína er að Laxá. Um 5 km sjónlína er inn á Blönduósi. Til framtíðar er gert ráð fyrir að svæðið tengist nýjum Skagastrandarvegi.

Lýsing á framkvæmdum

Fyrirhugað er að koma jarðefnum sem koma úr gerð urðunarholfs í nýtingu á og utan framkvæmdarsvæðis eins og mögulegt er, t.d. í vegagerð. Á löðinni verður komið fyrir efnislager um 6-10 m háum sem unnið verður úr jafnfætis á rekstrartíma urðunarstaðar. Flokkun og vinnsla jarðefnanna mun mögulega fara fram á löðinni. Með nýtingu jarðefna úr melnum skapast tækifæri til að loka öðrum efnistöðustöðum í nágrenninu sem eru á viðkvæmum svæðum eða til að seinka því að opna þurfi nýjar námur. Möguleiki er á að nýta allt að 20.000 m³ af jarðefnum árlega að meðaltali eða í heild allt að 600.000 m³, miðað við líklegasta urðunarmagn sem er um 11.000 t á ári. Þetta magn tvöfaldaðist ef urðu yrðu 21.000 tonn árlega. Reikna má með að urðunarhólf verði grafið í 4-6 áföngum. Hluti jarðefna nýtist við uppbyggingu urðunarstaðar og í rekstri hans í vega- og slóðagerð og hulu á úrgang auk mana ef með þarf. Ef ekki finnst nýting á rekstrartíma fyrir öll jarðefnin sem upp koma í verkefni utan svæðis verður efni notað í landmótun á löðinni í samráði við skipulagsyfirlýð og landeiganda.

Vegir

Um 200 m eru frá svæðinu að þjóðvegi nr. 741, Neðribyggðarvegi og 2.000 m að þjóðvegi nr. 74, Skagastrandarvegi.

Fornleifar

Fornleifaskráning hefur fram á svæðinu og eru engar minjar skráðar innan við deiliskipulagsmörkin. Suðvestan við deiliskipulagsmörkin eru fornminjar og verða engar framkvæmdir nær þeim en 20 m.

Byggingareitir

Byggingarreitur A er 72x58 m eða 4.176 m². Gert er ráð fyrir hreinsunarmannvirkið fyrir sigvatn, allt að 70 m². Mannvirkin verða að mestu leyti niðurgrafnar einingar. Byggingarreitur B er 104x154 eða 16.055 m² og þar er gert ráð fyrir allt að 50 m² þjónustuhúsi úr timbri og allt að 400 m² vélageymslu, stálgrindarhús. Innan byggingarreits er einnig gert ráð fyrir vog. Staðsetning húsa er frjáls innan byggingarreits. Gert er ráð fyrir girðingu umhverfis löðina, allt að 3 m hárrí.

Lagnir

Kalt vatn:

Kalt vatn verður tekið frá sameiginlegri vatnsveitu aðliggjandi bæjar. Ef sú vatnsveita dugar ekki verður hún endurbætt eða ný gerð.

Rafmagn

Rafmagn verður tekið frá byggðarlínu sem liggur austan við urðunarsvæðið.

Fráveita:


Urðunarstaðurinn verður hannaður í samræmi við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Einnig verður höfð hliðsjón af reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gert er ráð fyrir að það þurfi 0,2-0,5 ha á ári fyrir urðunina sjálfa.

Samantekt umhverfisskýrslu

Deiliskipulag þetta sem felur í sér áætlun um urðunarstað og samhlíða efnistöku í landi Sölvabakka á Refasveit mun hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér á rekstrartíma. Sjónræn áhrif verða frekar lítil og tímabundin og óveruleg sé litið til lengri tíma. Óveruleg áhrif verða á dýralíf og gróður. Áhrif áætlanarinnar á fornleifar verða engar. Óveruleg áhrif verða á nýtingu aðliggjandi landsvæðis. Áhrif á víðtaka sigvatns verður óveruleg. Gasmyndun ætti að hafa áhrif á umhverfi og með forvörnum ætti lykt að hafa óveruleg áhrif við búsetusvæði í nágrenni svæðisins. Óveruleg áhrif ættu að verða á jarðveg vegna mengunarþátta. Áhrif áætlanarvegna flutninga verða óveruleg. Áhrif á samfélag ættu að verða talsvert jákvæð vegna aukinna mengunarfarna, rekstrarhagkvæmni og atvinnusköpunar. Eftir að rekstri líkur á urðunarstað og eftirlitstímabil tekur við, ættu áhrif á umhverfi að vera óveruleg.

Heimildir

1. Efla, verkfræðistofa, júní 2008. Sölvabakki-fyrirhugaður urðunarstaður, jarðkönnun og jarðfræði.
2. Efla, verkfræðistofa, drög nóvember 2008. Sölvabakki-Deiliskipulag-Umhverfisskýrsla vegna meðhöndlunar- og urðunarstaðar og efnistöku.
3. Efla 14.08.2008. Minnisblað-meðhöndlun og urðun úrgangs að Sölvabakka á Refasveit.
4. Bygðasafn Skagfirðinga, 2009/85. Sölvabakki-Urðunarstaður. Mat á umhverfisáhrifum. Greinargerð um fornleifar.
5. Þórdís Vilhelmina Bragadóttir, NNV-2008-003. Fuglalíf á fyrirhuguðum sorpurðunarstað við Sölvabakka á Refasveit.
6. Hjalti Þórðarson, Háskólanum á Hólum, 28. mars 2009. Greinargerð. Gróðurfar á lóð Norðurár b.s. fyrir norðan Sölvabakka á Refasveit.



Hluti af Aðalskipulagi Blönduósþæjar sem er í vinnslu Mkv. 1:50.000

SKÝRINGAR:

- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- KVÆDIR UM LAGNIR
- SKRÁÐAR MINJAR
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- URÐUNAR- OG EFNISTÖKUSVÆÐI
- ANNAD LÓÐARRÝMI
- A-D SVÆÐISSKIPTING

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2010

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 25.gr skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 var samþykkt í skipulags- og bygginganefnd þann _____ 2010 og í byggðarráði _____ 2010

Deiliskipulag þetta var auglýst frá _____ 2010 til _____ 2010

BR.	DAGS.	BREYTING	REKNI.	TEKNI.

Blönduósþæ
Hjálakveg 33, 540 Blönduós | sími: 465 4700 | fax: 465 4701



LANDMÖTUN HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - Sími: 575 5300 - Fax: 554 5300 - Netfang: landmotun@landmotun.is

SÖLVABAKKI - urðun og efnistöka
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR	SKIPULAG: YPL, HRS
	TEKNAÐ: HRS
	SAMBYKKT
	KT.
KVARDI: 4.000	KÓPAVOGUR
VERONR.	TEKNI. NR.
5604-DA13	D-01